

10

25. jan.

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Faaberg, Harald, skipamiðlari í Reykjavík, fæddur í Noregi.
2. Otterstedt, Knud, rafveitustjóri á Akureyri, fæddur í Svíþjóð.
3. Valtýr H. Valtýsson, settur héraðslæknir í Hróarstunguhéraði, fæddur í Noregi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 25. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.